

**M-4/2017. Álit 18. september 2017.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-4/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 20. janúar 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa fyrirtækisins Z, á tveimur rúmum af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir rúmin gölluð og krefst riftunar á kaupunum.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 25. janúar 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 14. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi og systir hennar fengu rúm að gjöf frá föður sínum sem keypt voru af fyrirtækinu Z, þann 1. júlí 2005. Um var að ræða tvær dýnur af gerðinni Healthy sleep, tvo rúmbotna og fætur fyrir bæði rúmin. Fyrri rúmið var að stærð 135 cm. x 203 cm. og var kaupverð dýnunnar 42.900 krónur, botnsins 19.600 krónur og fótanna 2.400 krónur. Seinna rúmið var að stærð 120x200 og dýnan var keypt á 39.900 krónur, botninn á 17.600 krónur og fætur á 2.400 krónur.

Frá því að kaupin fóru fram er tvisvar búið að skipta út stærri dýnuni og þeirri minni einu sinni, vegna annmarka sem fólst í því að dæld myndaðist í dýnunum. Báðum dýnunum var fyrst skipt út árið 2006 og í janúar 2009 var stærra rúminu skipt út vegna sama vandamáls. Þremur árum síðar, þann 25. janúar 2012, krafðist álitsbeiðandi þess, með tölvupósti til seljanda, að fá endurgreitt þar sem nýja rúmið sem hún fékk afhent árið 2009 hafði „farið alveg eins og hin“ innan árs frá afhendingu. Seljandi svaraði degi síðar og kvaðst aðeins geta boðið álitsbeiðanda inneign fyrir bæði rúmin, að fjárhæð 21.450 krónur fyrir stærri dýnuna og 7.980 krónur fyrir þá minni.

Álitsbeiðandi krafðist riftunar á kaupunum og endurgreiðslu þann 3. október árið 2012 og ítrekaði kröfur sínar með formlegu bréfi 27. febrúar 2013 þar sem samkvæmt álitsbeiðni var „vitnað í lög um neytendarétt og minnt á að við afhendingu nýrra vara hæfist nýr 5 ára kvörtunarfrestur, sem seljandi [hafnaði] samdægurs.“ Seljandi bauð álitsbeiðanda þess í stað inneignir í verslun sína og 15% afslátt af nýrri rúmum en álitsbeiðandi var ekki sátt við það. Árið 2013 voru síðustu samskipti við seljanda en í febrúar það ár hafði seljandi sótt bæði rúmin. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir nefndinni að seljandi endurgreiði að fullu kaupverð beggja rúmana samkvæmt reikningi, dags. 1. júlí 2005, samtals að fjárhæð 124.800 krónur.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, þar sem rúmin voru upphaflega keypt af fyrirtækinu Helgavatni ehf.

Líkt og að framan er rakið fékk álitsbeiðandi rúm að gjöf ásamt systur sinni árið 2005. Dýnum beggja rúmana var skipt út árið 2006 vegna dældar sem hafði myndast í dýnunum. Í janúar árið 2009 var rúmi álitsbeiðanda aftur skipt út vegna slíkrar dældar. Að sögn álitsbeiðanda myndaðist sama dæld í rúmið innan við ári eftir afhendingu árið 2009 og tilkynnti hún seljanda um það í janúar árið 2012 og krafðist endurgreiðslu. Álitsbeiðandi ítrekaði kröfur sínar og krafðist formlega riftunar þann 27. febrúar 2013.

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 17. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en ákvæðið er svohljóðandi:

**„17. gr. Eiginleikar söluhlutar.**

*Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.*

*Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:*

*a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;*

*b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;*

*c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;*

*d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.*

*[...]*

*Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.“*

Óumdeilt er að þær dýnur sem keyptar voru árið 2005 voru haldnar galla og afhenti seljandi nýjar dýnur árið 2006 þegar gallinn kom fram. Þá telur nefndin sannað af því sem fram er komið í málinu að dýnan sem afhent var árið 2009 hafi einnig verið haldin galla, sem kom í ljós innan við ári eftir afhendingu. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu seljanda í gögnum málsins og seljandi hefur ekki sent andsvör til nefndarinnar. Telja verður að slíkar dýnur eigi almennt að geta enst mun lengri tíma en eitt ár án þess að slíkir annmarkar komi í ljós. Álitur nefndin því að dýnurnar hafi verið haldnar galla í skilningi 1. mgr. 17. gr. lkpl.

Í ákvæði 32. gr. lkpl. er mælt fyrir um fresti kaupanda til tilkynninga um galla. Ákvæðið er svohljóðandi:

**„32. gr. Tilkynning.**

*Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin.*

*Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.*

*Við sölu á byggingarefni, sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að efninu var veitt viðtaka.“*

Árið 2006 var ný dýna afhent vegna dældar í því rúmi sem var í eigu systur álitsbeiðanda. Telur nefndin því að frestur til tilkynninga hafi verið liðinn þegar álitsbeiðandi tilkynnti seljanda árið 2012 um að það rúm væri haldið galla, enda hefur nefndin ekki upplýsingar um að krafa hafi verið gerð fyrir vegna þess eða aðrar upplýsingar sem geta leitt til annarrar niðurstöðu.

Fyrir liggur að álitsbeiðandi kvartaði yfir galla í stærra rúminu og fékk afhent nýtt rúm í annað skipti í janúar árið 2009. Þremur árum síðar, eða í janúar árið 2012, krafðist álitsbeiðandi endurgreiðslu á rúminu vegna galla. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. lkpl. ber kaupanda að tilkynna um galla innan ástæðulauss dráttar frá því hann varð var við galla. Fyrir liggur að álitsbeiðandi varð var við umræddan galla innan árs frá afhendingu nýrrar dýnu, þ.e. árið 2010, um það bil tveimur árum áður en fyrsta tilkynning vegna gallans var send til seljanda. Um lausafjárkaup er að ræða og er tilkynningarfresturinn því tvö ár samkvæmt 2. mgr. 32. gr. lkpl. Er nefndinni því ekki annað fært en að hafna kröfum álitsbeiðanda þar sem tilkynning vegna gallans var of seint fram komin í skilningi 1. og 2. mgr. 32. gr. lkpl.

## V

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson